

## RE: 18SH10

**Til** : Sveitarfélagið Stykkishólmur <stykkisholmur@stykkisholmur.is>  
**Frá** : Jörundur Svavarsson - HI <jorundur@hi.is>  
**CC** : Steinunn I. Magnúsdóttir <sim@stykkisholmur.is>; ragnar@stykkisholmur.is <ragnar@stykkisholmur.is>; Þórhildur Eyþórsdóttir <thorhildur@stykkisholmur.is>; haukur.okkar <>; bbreidafjardar@simnet.is <bbreidafjardar@simnet.is>; planteiknistofa <>; Hrafnhildur Hallvarðsdóttir <hrafnhildur@stykkisholmur.is>; Jakob Björgvin Jakobsson <jakob@stykkisholmur.is>; Þór Örn Jónsson <thor@stykkisholmur.is>; Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>; Hörn Jónsdóttir <horn.jonsdottir@irn.is>  
**Heiti** : RE: 18SH10  
**Málsnúmer** : 2408007  
**Málsaðili** : Jörundur Svavarsson  
**Skráð dags** : 25.07.2024 18:29:31  
**Höfundur** : Jörundur Svavarsson - HI <jorundur@hi.is>  
**Viðhengi** : [image001.jpg](#)

Blessuð/blessaður

### Afrit til Innviðaráðuneytis – varðar mál IRN24070080

Undirritaður mótmælir hér með þeim lögskýringum og þeim útúrsnúningum sem koma í neðangreindum pósti.

Sveitarstjórn getur ekki haggð stjórnarskrárvörðum eignarrétti mínum að jörð minni og í því ljósi verður að skoða ákvæði 33. gr. laga 6/1986. Tilgangur ákvæðisins er vernd eignarréttar og sveitarstjórn falið að vernda þann rétt. Þetta er augljóst og er útskýrt í álitum umboðsmanns Alþingis frá 2022.

Orðin “nema annað sé ákveðið” á við úrræðið, þ.e. hvert ágangsféð er rekið og hvernig fer með kostnaðinn, en ekki skylduna til að smala. Kemur þetta skýrt fram í lögskýringargögnum þar sem talað er um annað úrræði. Að auki fjallar það ákvæði fjallskilareglugerðar sem vísað til um annarskonar málavexti.

Eftir stendur að sveitarstjórn ber að smala ágangsfénu. Girðingar skipta ekki máli sbr. úrskurð innviðaráðuneytisins frá því febrúar og smölun á að fara fram eins fljótt og auðið er, sbr. úrskurð sama ráðuneytis frá því í apríl. Þá er einnig í úrskurðinum frá því í febrúar ágæt útlitun á lögætisreglunni sem sveitarstjórnnum ber að fara eftir.

Því ekki ástæða til að svara þeim spurningum sem fram koma í póstinum.

Hér er því um yfirstandandi brot að ræða, sem sveitarstjórn ber taka á. Það hefur hún ekki gert þótt einn og hálfur mánuður sé síðan krafist var smölunar þann 18. júní 2024. Blasir það við að það er ekki “eins fljótt og auðið er”. Sveitarstjórn er því með aðgerðarleysi sínu að brjóta gróflega á réttindum mínum og valda mér tjóni.

Krafa um smölun er því hér með ítrekuð og áskilinn er réttur til að krefja sveitarstjórn um bætur vegna þeirrar fyrirhafnar og tjóns sem ég hef orðið fyrir vegna athafnaleyfis hennar.

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum hvað margir nefndarmanna landbúnaðarnefndar sem stóðu að álitinu eiga sauðfé.

Virðingarfyllst

Jörundur Svavarsson

Hrísakoti, Sveitarfélagið Stykkishólmur

---

**From:** Sveitarfélagið Stykkishólmur

**Sent:** fimmtudagur, 25. júlí 2024 12:19

**To:** Jörundur Svavarsson - HI

**Cc:** Steinunn I. Magnúsdóttir ; ragnar@stykkishólmur.is; Þórhildur Eyþórsdóttir ; haukur.okkar ;  
bbreidafjardar@simnet.is; planteiknistofa ; Hrafnhildur Hallvarðsdóttir ; Jakob Björgvin Jakobsson ; Þór Örn Jónsson

**Subject:** RE: 18SH10

Góðan dag.

Um skyldu sveitarfélaga til smölunar á ágangsfé er fjallað í ákvæði 31. og 33. gr. afréttarlaga. Ákvæði 31. gr. á við um ágang búfánaðar úr afrétti í heimahaga en ákvæði 33. gr. á við um ágang búfánaðar úr einu heimalandi yfir í

annað. Ákvæði 1. mgr. 33. gr. laganna kveður á um tvennskonar tilvik þar sem ágangsfénaður sækir úr einu heimalandi í annað. Annars vegar er um að ræða ágang sem stafar af búfé sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar og hins vegar ágang sem stafar af búfé sem heimilt er að hafa í heimahögum. Ákvæði 33. gr. laganna á við um beiðni til smölunar ágangsfjár í sveitarfélaginu, þar sem ekki liggur fyrir skilgreindur afréttur á svæðinu.

Samkvæmt 3. gr. laga um afréttarmálefni fjallskil o.fl. skal í fjallskilasamþykkt kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitilanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta. Fjallskilasamþykktir eru þannig til fyllingar fjallskilalögunum og eru settar til nánari útfærslu á efnisatriðum samkvæmt heimildum í lögunum. Ljóst er að löggjafinn hefur með lagasetningu veitt stjórnnum fjallskilaumdæma rúmt svigrúm til að skipa málum innan umdæmisins eftir því sem þykir best út frá staðháttum og þróun fjallskila og að eftirláta fjallskilasamþykkt að útfæra einstök efnisatriði í þessu sambandi. Þá liggur fyrir að grunnforsenda þess að sveitarfélag beri nokkrar skyldur til smölunar, þá teljist umferð búfjár til ágangs í skilningi laganna. Svo unnt sé að staðreyna að um ágang sé að ræða þurfi að sýna fram á að verulegur fjöldi fjár hafi farið um eignarlönd og jafnframt að sjáanlegt tjón hafi orðið á svæðinu sem fé kann að hafa farið um.

Á 1. fundi landbúnaðarnefndar var tekin til umræðu stefnumörkun sveitarfélagsins vegna mála sem tengjast ágangi búfjár. Í bókun nefndarinnar var talið rétt að vekja athygli á að í 4. másl. 1. mgr. 33. gr. afréttarlaga segir: „*Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt.*“ Í bókun nefndarinnar var í framhaldinu gengið út frá því að ætlun löggjafa hafi verið að fjallskilasamþykkt geti kveðið á um annan málalíbúnað í þessu sambandi en þær sem ákvæðið gerir ráð fyrir. Þannig benti landbúnaðarnefnd á að í 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir umdæmi sýslumanns Snæfellinga, sem er gildandi samþykkt fyrir sveitarfélagið, segir: „*Enginn má í heimildarleysi reka eða sleppa sauðfé eða hrossum í annarra manna lönd. Valdi slíkur fénaður ágangi á afgirt ræktarlönd er eiganda skylt að koma honum í örugga vörslu, þannig að komið sé í veg fyrir frekari ágang eða tjón.*“ Ef 1. og 2. másl. eru lesnir saman taldi landbúnaðarnefnd að samkvæmt orðanna hljóðan yrði eiganda eða umráðamanni búfjár einungis skylt að bregðast við þegar fé er í heimildarleysi rekið eða sleppt á annarra manna lönd og það fé valdi ágangi á afgirt ræktarlönd. Þannig mætti gagnálykta að einungis sé eigenda búfjár skylt að bregðast við þegar slíkum fénaði hafi verið sleppt í heimildarleysi og sá fénaður sé að valda ágangi á afgirt ræktarland. Landbúnaðarnefnd taldi jafnframt að skýra mætti ákvæðið þannig að með afgirtu ræktarlandi sé um að ræða fjárhelda girðingu, sbr. hér fyrir neðan. Hvernig sem umrætt ákvæði er túlkað taldi landbúnaðarnefnd að það væri ljóst að um þarf að vera **afgirt ræktarland**, samkvæmt fjallskilasamþykkt. Í bókun sinni bendir landbúnaðarnefnd þannig á að fjallskilasamþykkt kveði á um smölun ágangsfjár á „*afgirt ræktarlönd*“ og því megi halda því fram að þar sé átt við að girðingar um land jarða séu skepnuheldar og ef engar girðingar séu af landi jarðar eða þær ekki fjárheldar, sé hugsanlegt að skylda hvíli ekki á sveitarfélaginu til smölunar. Þá er sérstaklega kveðið á um ræktarlönd í fjallskilasamþykkt, en með gagnályktun mætti segja að sveitarfélagið sé einungis skylt að smala ræktarlönd. Þá má einnig vel halda því fram að landeigendum beri að horfa til þess að verja sitt land og koma í veg fyrir meint tjón. **Samkvæmt framangreindu taldi landbúnaðarnefnd að samkvæmt fjallskilasamþykkt verði ekki annað séð en að rannsaka þurfi hvort sauðfé sé innan ræktarlanda og hvort þau ræktarlönd séu afgirt, áður en sveitarfélagið gæti gripið til ráðstafana. Gæti jafnframt verið þörf á að taka út umræddar girðingar til að sannreyna að vörslugildi girðingarinnar teljist vera fullnægjandi, þ.e. að hún sé fjárheld.**

Landbúnaðarnefnd benti jafnframt á að í 32. gr. fjallskilasamþykktarinnar er kveðið á um að eiganda sé skylt að koma fé í örugga vörslu, en „*sinni eigandi eða umráðamaður því engu eða aðeins til málamynda skal tjónþoli*

*tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn eða eftir atvikum viðkomandi sýslumanni/lögreglu sem fjarlægir fénaðinn á kostnað eiganda.*“ Landbúnaðarnefnd benti á í því sambandi að gengið sé út frá því í fjallskilasamþykkt að málið komi ekki inn á borð sveitarstjórnar fyrr en ljóst sé að eigandi sinni því engu eða aðeins til málamynda. Landbúnaðarnefnd taldi erfitt að túlka það með öðrum hætti en að **landeigandi beri sjálfur að sannreyna hver sé eigandi á umræddu fé á hans landi og hafa upp á eigenda þess með ósk um að slíkum fénaði sé komið í örugga vörslu og að eigandi verði að sinna því í engu eða til málamynda áður en málið sé tilkynnt af hálfu landeiganda til sveitarfélagsins .**

Var framangreind bókun landbúnaðarnefndar staðfest á 13. fundi bæjarráðs í umboði bæjarstjórnar.

Bæjarráð fól á 19. fundi sínum landbúnaðarnefnd eða fulltrúum úr landbúnaðarnefnd umboð til þess að koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins í þessum málaflokki og funda með öðrum sveitarfélögum sem aðild eiga að fjallskilasamþykkt til þess að samræma túlkun og afstöðu sveitarfélaganna í þessum málaflokki. Umræður hafa átt sér stað á milli sveitarfélaga, en formleg samræming ekki farið fram.

Þar sem slík samræming hefur ekki farið fram telur sveitarfélagið að horfa verði til leiðbeininga bæjarráðs, sem í umboði bæjarstjórnar staðfesti framangreinda stefnumörkun landbúnaðarnefndar á sínum tíma, þar til annað verður ákveðið.

Á grunni framanritaðs óskar sveitarfélagið eftir, áður en afstaða er tekin til erindisins, upplýsingum um:

1. Hvort umrætt sauðfé sé innan eða á ræktarlandi og hvort þau ræktarlönd séu afgirt.
2. Hvort landeigandi hafi sannreynt hver sé eigandi á umræddu fé og hafi óskað eftir því við eiganda að hann kæmi fénaði í örugga vörslu, en ljóst sé að eigandi hafi sinnt því í engu.
3. Hvort tjón hafi orðið á ræktarlandi vegna umferðar búfjár um landið, fjöldi fjár og tímalengd umgangs búfjár um landið.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið á svári við erindinu.

Kveðja,

**Sveitarfélagið Stykkishólmur**

[stykkisholmur@stykkisholmur.is](mailto:stykkisholmur@stykkisholmur.is)

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Ráðhúsinu

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur



---

**From:** Jörundur Svavarsson - HI <[jorundur@hi.is](mailto:jorundur@hi.is)>  
**Sent:** 03 July 2024 17:01  
**To:** Hrafnhildur Hallvarðsdóttir <[hrafnhildur@stykkisholmur.is](mailto:hrafnhildur@stykkisholmur.is)>; Jakob Björgvin Jakobsson <[jakob@stykkisholmur.is](mailto:jakob@stykkisholmur.is)>  
**Cc:** Steinunn I. Magnúsdóttir <[sim@stykkisholmur.is](mailto:sim@stykkisholmur.is)>; ragnar@stykkisholmur.is ; Þórhildur Eyþórsdóttir <[thorhildur@stykkisholmur.is](mailto:thorhildur@stykkisholmur.is)>; haukur.okkar <[haukur.okkar@gmail.com](mailto:haukur.okkar@gmail.com)>; [bbreidafjardar@simnet.is](mailto:bbreidafjardar@simnet.is) ; planteiknistofa <[planteiknistofa@gmail.com](mailto:planteiknistofa@gmail.com)>  
**Subject:** RE: 18SH10

Blessuð Hrafnhildur

Ljómandi að fá staðfestingu á móttöku bréfs og þakkir fyrir það.

En, smölun takk. Hádegisgestir gærdagsins (myndir 3715 og 3719) við gestahúsið okkar og núna, fyrir fáeinum mínútum, rollur við rólurnar (3780 og 3799) í bakgarði okkar. Þetta er ekki boðlegt og sveitarfélaginu ekki sæmandi að láta svona viðgangast.

Kveðja

Jörundur

---

**From:** Hrafnhildur Hallvarðsdóttir <[hrafnhildur@stykkisholmur.is](mailto:hrafnhildur@stykkisholmur.is)>  
**Sent:** miðvikudagur, 3. júlí 2024 08:25  
**To:** Jörundur Svavarsson - HI <[jorundur@hi.is](mailto:jorundur@hi.is)>; Jakob Björgvin Jakobsson <[jakob@stykkisholmur.is](mailto:jakob@stykkisholmur.is)>

Cc: Steinunn I. Magnúsdóttir <[sim@stykkisholmur.is](mailto:sim@stykkisholmur.is)>; [ragnar@stykkisholmur.is](mailto:ragnar@stykkisholmur.is); Þórhildur Eyþórsdóttir <[thorhildur@stykkisholmur.is](mailto:thorhildur@stykkisholmur.is)>; haukur.okkar <[haukur.okkar@gmail.com](mailto:haukur.okkar@gmail.com)>  
Subject: Re: 18SH10

Þetta bréf er móttakið Jorundur

Kveðja

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Forseti bæjarstjórnar

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Sent from [Outlook for iOS](#)

---

**From:** Jörundur Svavarsson - HI <[jorundur@hi.is](mailto:jorundur@hi.is)>  
**Sent:** Tuesday, July 2, 2024 1:24:04 AM  
**To:** Jakob Björgvin Jakobsson <[jakob@stykkisholmur.is](mailto:jakob@stykkisholmur.is)>  
**Cc:** Hrafnhildur Hallvarðsdóttir <[hrafnhildur@stykkisholmur.is](mailto:hrafnhildur@stykkisholmur.is)>; Steinunn I. Magnúsdóttir <[sim@stykkisholmur.is](mailto:sim@stykkisholmur.is)>; [ragnar@stykkisholmur.is](mailto:ragnar@stykkisholmur.is) <[ragnar@xn--stykkisholmur-7hb.is](mailto:ragnar@xn--stykkisholmur-7hb.is)>; Þórhildur Eyþórsdóttir <[thorhildur@stykkisholmur.is](mailto:thorhildur@stykkisholmur.is)>; haukur.okkar <[haukur.okkar@gmail.com](mailto:haukur.okkar@gmail.com)>  
**Subject:** 18SH10

Blessaður Jakob

(afrit til bæjarstjórnar)

Þessi elska og lömbin hennar tvö eru búin að plaga okkur í tvær vikur hið minsta. Ekki aðeins hafa þau étið af túnum okkar (alltaf innan girðingar, sama uppskeran er aðeins étin einu sinni), heldur hafa þau enn fremur skitið á stéttina við íbúðarhúsið og gestahúsið okkar, nuddað horn í torfhúsin okkar (sem við reyndar endurgerðum fyrir nokkrum árum og kostaði nokkrar millur), vakið hundinn um miðjar nætur og séð til þess að svefn okkar hefur orðið umtalsvert styttri en vonast var til. Núna voru þau að skíta (að sjálfsögðu innan girðingar) við kjötvinnsluna okkar, svo það lá beint við að bjóða þeim inn í gömlu sveitarréttina. Númerið á rollunni er 1317 og bæjarnúmerið 18SH10 og tilheyrir því Magnúsi Vésteinssyni, sem heldur sauðfé á Hólum. Magnús hefur EKKI heimild til að nýta land okkar til beitar.

Þessi beitarþjófnaður, í boði bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólmur, er með öllu ólíðandi. Sveitarfélagið á, samkvæmt lögum (1. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986), að smala tafarlaust, en hefur ekkert gert í hálfan mánuð! Ég hef nú þegar (eins og þið eflaust vitið) kært þetta til lögreglu og mun í lok vikunnar kæra sveitarfélagið til Innviðaráðuneytisins fyrir að tefja málið og viðhafa málsmeðferð sem er ekki í samræmi 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þetta framferði er ennfremur sorglegt því Hólar (18SH10) eru í gæðastýringu í sauðfjárrækt og fær því í gegnum hana fjármuni frá ríkinu. Skilyrði fyrir þátttöku í gæðastýringu eru m.a. að sauðféð sé þar sem það má vera. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólmur er því að hjálpa til við þjófnað frá ríkinu! Magnús á reyndar von á kröfu í heimabankanum og reikningi í ábyrgðarpósti. Beitargjald (og þrifnaðargjald) er 1000 kr. per dag fyrir hvern einstakling (ær eða lömb) og þessi fjölskylda er nú búin að vera á túnum okkar í a.m.k. tvær vikur. Því má Magnús búast við 42.000.- króna reikningi að lágmarki, nema bæjarstjórnin bjóðist til að greiða þetta fyrir Magnús. Magnús hlýtur að vera ykkur kær, fyrst þið brjótið ítrekað lög fyrir hann og etv fleiri. Endilega látið hann vita af rollunni og lömbunum. Það fer vel um þau í réttinni, með talsvert af grasi til að éta og vatn til að drekka.

Og ennþá bíður hitt féð eftir smölun (sjá mynd 3694, 24 einstaklingar við ólöglega beit í dag, allt innan girðingar). Er ekki kominn tími til þess að sveitarfélagið fari að lögum?

Kveðja

Jörundur í Hrísakoti